

3. fundur umhverfisnefndar Heiðarskóla

18. janúar 2021 kl 12:50

Mættir: Aron Sölvi, Valey Rún, Eiríkur, Haraldur Magnús, Matthildur, Þórunn María, Beníta, Sigga Vill, Helena, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Langt síðan síðasti fundur var haldinn vegna sóttvarnarreglna.
- Farið yfir verkefni sem unnin hafa verið á skólaárinu og það sem eftir er. Búin að hafa þemaviku, jól í skókassa, matarvigtunarviku, .
- Rifjað upp hvaða þema verið er að vinna með á árinu sem er lífbreytileiki. Mikilvægt að halda áfram með verkefnið og skoða vel það sem er að gerast í okkar nánasta umhverfi.
- Jól í skókassa pakkarnir eru farnir af stað til Perú en eru ekki komnir á leiðarenda. Erfitt að senda pakka á milli landa núna vegna covid-19. Við fáum skilaboð þegar þeir skila sér.
- Rætt um matarvigtunina. Gekk frekar vel hjá öllum stigum. Spurning um hvort breyta megi fyrirkomulaginu á matarvigtuninni og vigta það sem fellur til frá skólanum, myndi gagnast eldhúsinu betur. Samþykkt að prufa þetta fyrirkomulag í eina viku í febrúar.
- Rafmagnssparnaður – yfirleitt hefur verið skoðað á þessum tíma árs hvernig við getum sparað rafmagn í skólanum. Oft er erfitt að hafa áhrif á skólann t.d. ekki hægt að stjórna öllum ljósum, ef kólnar skyndilega fer kyndingin á rafmag o.fl. Við ætlum að prufa að breyta til með því að hafa ljóslaus / rafmagnslaus morgun í skólastofunni á meðan enn er myrkur úti. Dagsetning verður ákveðin á fundi á miðvikudaginn.
- Í janúar hefur verið varðeldur í Heiðarskóla að morgni til með heitu súkkulaði og söng. Þarf að huga að því sem fyrst áður en birta fer á morgnana. Helena og Sigga Lára taka veðurstöðu og finna góðan tíma.
- Þarf að minna stigin á að tæma endurvinnslutunnur í skólastofum.

Fundi slitið 13.30

Þórdís Þórisdóttir